Akureyrarbær - skipulagssvið
Geislagötu 9, 3. hæð
600 Akureyri
skipulagssvid@akureyri.is

12. febrúar 2023

Efni: Umsögn um „umsókn um breytingu á aðalskipulagi“ – tilvísun Hálönd

Norðurorka hf. þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma fram með umsögn um ofangreinda tillögu.

Athugasemdir Norðurorku hf. við erindið:

Hitaveita:
Bæta þyrfti við dælukassa á hitaveitulögn til að halda vatnsþrýstingi á efstu lóðum.
Framkvæmdaaðili hafi samband við þjónustuver Norðurorku áður en framkvæmdir hefjast til að ganga frá samningum um kostnaðarskiptingu og annað tengt framkvæmdinni.

Vatnsveita:
Skipulagssvæði er að hluta til komið upp fyrir neysluvatnsgeyma og er því ekki hægt að halda vatnsþrýstingi samkvæmt TTV. Því þyrfti að gera nýja vatnsgeyma eða útbúa dælukerfi til að halda vatnsþrýsting á skipulagssvæðinu.
Framkvæmdaaðili hafi samband við þjónustuver Norðurorku áður en framkvæmdir hefjast til að ganga frá samningum um kostnaðarskiptingu og annað tengt framkvæmdinni.

Fráveita:
Þarf að bregðast við miklum halla sem verður á fráveitu. Þurfum að fá kvöð fyrir fráveitu lagnir innan lóða á milli Holtalands 5 og 7.

Rafveita:
Hönnunar- og álagsforsendur dreifikerfis gera ekki ráð fyrir stækkun. Stækkun mun hafa í för með sér þörf á styrkingu og eða breytingu á núverandi dreifikerfi. Leggja þarf mat á mögulegar breytingar dreifikerfis þegar aflþörf umsækjanda liggur fyrir. Í ljósi aðstæðna er nauðsynlegt fyrir dreifiveituna að fá að vita fyrir bæði svæðin (þar sem 12 lóðir voru áður og nýja svæðið þar sem eru áætlaðar 20 lóðir) hver aflþörf verður til framtíðar. Komi til aukningar síðar getur það haft í för með sér nokkuð umfangsmiklar aðgerðir.

Athygli er vakin á reglum sem gilda um lagnir í landi Akureyrarkaupstaðar (samþ. 18.09.18) og finna má á heimasíðunni www.akureyri.is

Norðurorka veitir frekari upplýsingar ef eftir því er óskað. Einnig er rétt að minna á kortasjá okkar sem er öllum opin á netinu þar sem hægt er að skoða nánar legu veitulagna á svæðinu. www.map.is/no

Bestu kveðjur,

Guðbjörg Sandra Gunnarsdóttir
Verkefnastjóri teiknistofu